

Rétt flokkun er mikilvæg

Meðferð úrgangs er meðal mikilvægustu umhverfismála og stór hluti í þeirri umhverfisvakningu sem almennt er að eiga sér stað í samfélaginu.

Í Ísafjarðarbæ er tveggja tunnu kerfi, þar sem endurvinnslutunna er við hvert hús ásamt tunnu fyrir almennt sorp. Slíku kerfi er ætlað að auðvelda íbúum að taka þátt í umhverfisvænna samfélagi og að flokka sorp á sem þægilegastan hátt.

Á Ísafirði er söfnunarsvæði fyrir sorp og móttaka fyrir spilliefni staðsett við Funa í Engidal. Þar geta einstaklingar komið með allt endurvinnsluefni (gjaldfrjálst) sem og annað sorp sem ekki kemst fyrir í sorptunnum við heimili (gegn gjaldi).

Íbúar á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri geta komið með endurvinnsluefni, spilliefni og annað sorp á móttökustöðvar þrisvar í viku yfir sumartímann og tvisvar í viku að vetri. Upplýsingar um þessar tímasetningar, sem og sorphirðudagatal fyrir bæði almennt og endurvinnanlegt sorp, má finna á heimasíðu Kubbs, www.kubbur.is, og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is.

Information in english can be found on www.isafjordur.is, at the municipality office and in the towns swimming halls.

Broszura informacyjna w języku polskim dostępna jest w Urzędzie Gminy Isafjörður, stronie internetowej urzędu gminy, oraz na pływalniach gminnych.

Endurvinnslutunnan




- Öll dagblöð/tímarit má setja laus í tunnuna
- Pappír (bæklinga, umslög og fjölpóst) má setja lausan í tunnuna
- Sléttan pappa/bylgjupappa (s.s. hreina pizzakassa og morgunkornspakka) má setja lausan í tunnuna
- Fernur (skolaðar og samanbrotnar) má setja lausar í tunnuna
- Málma (s.s. niðursuðudósir og lok af glerkrukkum) má setja lausa í litla hólfið
- Allt umbúðaplast frá heimilum má setja í litla hólfið, þ.e.a.s. plastfilmu, -poka, -dósir, -brúsa, áleggsbréf og plast- og frauðplastbakka.
- Rafhlöður skal setja í poka í litla hólfið

Almennt heimilissorp

Í almennu tunnuna má setja allan almennan heimilisúrgang, matarleifar, kaffikorg, matarsmitaðan pappír og plast. Einnig glerílát, ryksugupoka, bleiur og annan úrgang sem er ekki hægt að endurvinna. Almenna tunnann verður losuð á tveggja vikna fresti. Nauðsynlegt er að staðsetja tunnur sem næst lóðamörkum til að auðvelda vinnu sorphirðufólks. Mjög áriðandi er að moka snjó frá tunnu að vetri og sjá til þess að greiðfær leið sé frá tunnustæði og alla leið upp á veg.

Endurvinnsla



Sorp sem passar ekki í tunnu

Í Funa getur fólk komið með allt endurvinnsluefni og annað sorp sem ekki er hægt að setja í ruslatunnur við heimili. Íbúar á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri geta komið með endurvinnsluefni og annað sorp á móttökustöðvar. Áætlun söfnunarþíls er auglýst á Netinu þar sem einnig má finna gjaldskrá fyrir sorplosun. Frekari upplýsingar má fá hjá starfsmönnum Kubbs í síma 456-4166, með tölvupósti á kubbur@kubbur.is eða í gegnum Facebook síðu fyrirtækisins.

Spilliefni

Spilliefnum frá heimilum má skila á endurvinnslustöð án greiðslu.



Flokkum til framtíðar

Upplýsingabæklingur fyrir sorphirðu og -flokkun í Ísafjarðarbæ

